



Hafnarfjörður

Alþingi

Bt. Umhverfis- og samgöngunefnd

Hafnarfjörður, 26. október 2023

2310698 AME

Efni: Umsögn um frumvarp til laga nr. 314 um tímabundnar undanþágur frá skipulags- og byggingarlöggjöf

Á fundi skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar þann 20. október 2023 var umhverfis- og skipulagssviði falið að gera umsögn um frumvarp til laga um tímabundnar undanþágur frá skipulags- og byggingarlöggjöf og skipulagi.

Frumvarpinu er ætlað að veita undanþágur svo unnt verði að hýsa skilgreindan hóp í húsnæði sem þegar er til staðar sem atvinnuhúsnæði. Hafnarfjarðarbær gerir athugasemdir við að frumvarpið geri ráð fyrir færslu skipulagsvalds frá sveitarfélögunum til Skipulagsstofnunar og að sveitarfélögin verði umsagnaraðilar. Auk þess er ekki séð með hvaða hætti hægt væri að fallast á tímabundna búsetu eins hóps í atvinnuhúsnæði þrátt fyrir þær undanþágur sem taldar eru upp í 3. grein og á sama tíma að gera athugasemdir við búsetu annars hóps, sem er líka í vanda, í samskonar húsnæði í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Auk þess sem réttur hagsmunaaðila, aðliggjandi lóðarhafa, til að gera athugasemdir við breytta notkun húsnæðis er aflagður.

Í greinargerð frumvarpsins kemur fram að gert er ráð fyrir að um eignir í eigu ríkisins sé að ræða en ekki kemur með skírur hætti fram að atvinnuhúsnæði í einkaeigu sé undanskilið. Ef það er hugmyndin þá þarf að skilgreina vel eignarhalds þess húsnæðis sem falla eiga undir undanþáguna.

Gert er ráð fyrir að heimildin til að veita undanþágu gildi til 1.6.2025 eða eftir 20 mánuði. Tímaramminn sem settur er upp í undanþágunni er þar af leiðandi of langur þ.e. gert er ráð fyrir gildistíma undanþágu til 18 mánaða en auk þess er gert ráð fyrir framlengingu til 18 mánaða sem er þá komið fram yfir gildistíma heimildarinnar til að veita undanþágu.

Virðingarfyllt,

Fh. umhverfis- og skipulagssviðs

Anna María Elíasdóttir
skrifstofustjóri